



17.4.2020

Djúpavogi 16.04.2020

Fyrir hönd Hótel Framtíð ehf kt.4711881829 óska ég eftir því að fá lóð utan um hús sem áður var fyrir ratsjá innan bæjarmarkanna. (að ég held ratsjá).

Við höfum upplýsingar frá Vegagferðinni (Fannar) að þeir myndu fagna því að húsinu yrði fundið nýtt hlutverk.

Við förum ekki fram á það að sveitarfélagið setji vatnslögn eða fráveitu til og frá húsinu, ef svo yrði þá væri það á kostnað rekstraraðila hússins. Umrætt hús hefur ekki lóðar númer samkvæmt upplýsingum frá sveitastjóra.

Ósk okkar er að fá leigusamning til t.d. 25 ára. Fyrirhugað er að gera tengingu á milli hússins og þess sem fyrir neðan stendur sem er í eigu Stefáns Arnórssonar.

Hugmynd er að nýta húsið í þeirri stærð sem það er í dag en með tilheyrandi breytingum utandyra (t.d. gluggar settir á húsið sem henta í hugmyndavinnu sem unnið er með í dag).

Húsið klætt að utan með viðarklæðningu sem mun falla betur inn í umhverfið en verið hefur.

Áfram er áætlað að nota hluta af möstrum sem eru en þó er það ekki endanlega útfært og væri alltaf í samvinnu við sveitarfélagið.

Þar sem að það er ekki til neinn lóðarleigu samningur þá er það ósk okkar að tekið verði vel í erindið og sveitastjóri geti klárað málið í samvinnu við okkur á Hótel Framtíð ehf.



*Þórunn Stefánsdóttir, hótelstjóri.*